# Réttur þinn

## mikilvægar upplýsingar fyrir innflytjendur á Íslandi

# Sus derechos

## Información importante para inmigrantes en Islandia

Íslenska Spænska

Bæklingur þessi er útgefinn af Jafnréttisstofu og styrktur af áætlun Evrópusambandsins um réttindi, jafnrétti og borgararétt. Hann er ætlaður innflytjendum á Íslandi en hentar öllum sem vilja fræðast um jafnrétti á Íslandi og réttindi og skyldur fólks. Texti bæklingsins er unninn af Stígamótum í samvinnu við Jafnréttisstofu, velferðarráðuneytið, Útlendingastofnun, W.O.M.E.N. in Iceland, Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Kvennaathvarfið, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Fjölmenningarsetur.

1. útgáfa 2010
2. útgáfa 2014
3. útgáfa 2019

Jafnréttisstofa

Co-funded by the Rights, Equality and Citizenship (REC) Programme of the European Union

Þetta verkefni er styrkt af áætlun Evrópusambandsins um réttindi, jafnrétti og borgararétt (Rights, Equality and Citizenship Programme 2014-2020).
Efni þessarar útgáfu er birt á ábyrgð Jafnréttisstofu og endurspeglar ekki afstöðu eða skoðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

© **Jafnréttisstofa**
Borgum við Norðurslóð - 600 Akureyri
Sími: 460 6200
Netfang: jafnretti@jafnretti.is - Vefslóð: www.jafnretti.is

Reykjavík 2019

Hönnun/prentun: Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja

ISBN 978-9935-428-36-3 pr. útg. ísl-spænska (3. útg.)
ISBN 978-9935-428-37-0 rafr. útg. ísl-spænska (3. útg.)





Folleto publicado por el Centro para la Igualdad de Género y patrocinado por el Programa de Derechos, Igualdad y Ciudadanía de la UE 2014-2020. Está dirigido a inmigrantes en Islandia y a otros interesados en obtener información sobre igualdad, derechos y obligaciones en Islandia. El texto ha sido preparado por el Centro Stígamót de Educación y Asesoramiento para Supervivientes de Abuso Sexual y Violencia en cooperación con el Centro para la Igualdad de Género, el Ministerio de Bienestar Social, la Dirección de Inmigración, la Red de Mujeres de Etnia Multicultural (W.O.M.E.N. en Islandia, por sus siglas en inglés), la Policía Metropolitana, la Oficina de Derechos Humanos de la ciudad de Reikiavik, el Centro de Derechos Humanos de Islandia, el Albergue para Mujeres y el Centro de Información y Multicultural.

1ª edición 2010
2ª edición 2014
3ª edición 2019

## Inngangur

Í þessum bæklingi er að finna ýmsar upplýsingar um íslenskt samfélag og íslenskt réttarkerfi, s.s. um jafnan rétt og jafna stöðu kynja, dvalarleyfi, skilnað, forsjármál, umgengnisrétt, fjármál og ofbeldi. Hér er einnig að finna upplýsingar um hvar er hægt að fá aðstoð.

## Jafnrétti kynja – jafnrétti allra

Samkvæmt lögum hafa allir fullorðnir einstaklingar á Íslandi sömu réttindi og skyldur óháð kyni, litarhætti, fötlun, kynþætti, þjóðerni, uppruna, trúarbrögðum, lífsskoðunum, efnahag, ætterni, kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu, kyneinkennum og stöðu að öðru leyti. „Allir hafa rétt til að stjórna lífi sínu, ráða yfir líkama sínum og afla sér tekna og öllum ber skylda til að sjá fyrir fjölskyldu sinni, annast börnin sín og taka þátt í samfélaginu.“

> Kynin eru jöfn, líka innan hjónabands.

## Fjármál

Einstaklingar eldri en 18 ára eru fjárráða. Það þýðir að þú ræður yfir tekjum þínum og eignum, getur átt bankareikning á þínu nafni sem þú hefur umráðarétt yfir og aðrir hafa ekki aðgang að. Þú ákveður um í hvaða banka þú átt reikning.

> Ekki skrifa undir nein gögn án þess að vera viss um að þú skiljir innihald þeirra og vitir hvaða skuldbindingar felast í undirskriftinni. Gott er að fá hlutlausan aðila til að fara yfir efni gagnanna.

Samkvæmt lögum eru launin þín lögð inn á þinn eigin bankareikning og þú átt að fá launaseðil í hvert skipti sem þú færð útborgað. Þú borgar skatta af launum þínum og en persónuafsláttur kemur til frádráttar á móti.

Félagsgjöld í stéttarfélag eru dregin af launum þínum, yfirleitt í kringum 1%. Þú getur leitað upplýsinga um réttindi þín og skyldur á vinnumarkaði hjá stéttarfélaginu þínu, þér að kostnaðarlausu. Þar er einnig hægt að sækja um styrki vegna ýmiss konar heilbrigðisþjónustu, til að fara á námskeið, fyrir líkamsrækt og fleiru.





## Introducción

Este folleto contiene información útil sobre la sociedad islandesa y el sistema judicial islandés respecto a igualdad de género e igualdad de condiciones, permisos de residencia, divorcio, custodia, derechos de visita a los niños, asuntos financieros y de violencia, así como información sobre dónde buscar ayuda.

## Igualdad de género, igualdad para todos

Todos los adultos en Islandia tienen los mismos derechos y obligaciones al amparo de la legislación, con independencia de su género, color de piel, discapacidad, raza, nacionalidad, origen, religión, opiniones sobre la forma de vida, situación financiera, linaje, orientación sexual, identidad de género, expresión de género, intersexualidad o cualquier otra característica. De ello se desprende el derecho a controlar la propia vida y el propio cuerpo, a ganar los propios ingresos y el deber de mantener a la familia, cuidar de los hijos y participar en la sociedad.

> Los hombres y las mujeres también son iguales dentro del matrimonio.

## Asuntos financieros

Se considera que las personas son capaces desde el punto de vista financiero a partir de los 18 años. Ello significa que tienen control sobre sus ingresos y activos y pueden tener una cuenta bancaria a su nombre sobre la cual tienen control y es inaccesible para otras personas. El titular decide en qué banco desea abrir su cuenta.

> No firme ningún documento a menos que comprenda su contenido y las obligaciones que conlleva su firma. Se recomienda consultar a un tercero imparcial para que lea los documentos y le explique su contenido.

De conformidad con la legislación en vigor, su salario se deposita en su cuenta bancaria privada y debe recibir un comprobante de pago cada vez que se le abone. Usted paga impuestos y, a su vez, recibe un crédito fiscal personal.

Las cuotas de afiliación sindical son, por lo general, de alrededor del 1% y se deducen de su salario. Puede solicitar información y asesoramiento gratuito sobre sus derechos y obligaciones laborales a su sindicato. También puede solicitar el reembolso de los gastos por diversos servicios de atención médica, cursos, tarifas de membresía de gimnasio y otros gastos.

Stundum kemur fólk til landsins fyrir milligöngu annars aðila sem síðan krefur það um greiðslu vegna kostnaðar, oft með háum vöxtum. Ef þú ert í þeirri stöðu skaltu leita ráðgjafar t.d. hjá þínu stéttarfélagi, félagsþjónustu í þínu sveitarfélagi eða lögreglu. Einnig veitir Manréttindaskrifstofa Íslands lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur Að gera fólki upp skuld og neyða það til að vinna upp í hana er dæmi um mansal og með öllu ólöglegt.

## Hjónaband

Á Íslandi hefur fólk rétt til að velja sér maka óháð kyni eða kynhneigð. Ekki er hægt að skylda fólk til að ganga í hjónaband og leyfilegt er að búa saman án þess að ganga í hjónaband. Hjónabandi fylgja ýmis réttindi, s.s. samsköttun og erfðaréttur. Einungis er löglegt að vera í einu hjónabandi á hverjum tíma. Upplýsingar um hjúskap má nálgast hjá Þjóðskrá Íslands.Hjón taka sameiginlegar ákvarðanir varðandi málefni fjölskyldunnar og hvorugur aðilanna ræður yfir hinum. Framfærsluskylda er milli einstaklinga í hjónabandi og þeir bera sameiginlega ábyrgð á rekstri heimilisins. Hjón skulu, miðað við getu og aðstæður hvors einstaklings um sig, leggja fé til heimilishalds og til að mæta þörfum maka og barna. Framlag til heimilis þarf þó ekki að vera á formi peninga, vinnuframlag til heimilis eða annar stuðningur við fjölskyldu telst sambærilegt framlag og fjármunir.

## Hjónaskilnaður

Þú sækir um skilnað hjá sýslumanni í því umdæmi sem þú býrð. Þú getur fengið skilnað hvort sem maki þinn vill hann eða ekki. Oftast er fyrst gefið leyfi til skilnaðar að borði og sæng og síðan er hægt að fá lögskilnað ári síðar. Séu hjón sammála um að sækja um lögskilnað er hann veittur að sex mánuðum liðnum. Hafi ofbeldi eða framhjáhald átt sér stað er hægt að sækja um lögskilnað strax.

### *Sáttavottorð*

Hjón sem fara með forsjá barna undir 18 ára aldri þurfa að leita sátta hjá presti eða forstöðumanni löggilts trúfélags tilheyri þau slíku félagi hér á landi. Ef hjón eru í sitt hvoru trúfélaginu eða ef annað þeirra eða bæði eru utan trúfélaga er leitað sátta hjá sýslumanni eða dómara eftir því hvar skilnaðarmálið er til meðferðar. Sáttavottorð mega ekki vera





A veces, las personas llegan a Islandia a través de un intermediario que luego les exige el reembolso de los gastos incurridos, a menudo con un alto porcentaje de interés. Si se encuentra en esta situación, solicite asesoramiento a su sindicato, por ejemplo, a los servicios sociales o la policía de su municipio. El Centro de Derechos Humanos de Islandia también brinda asesoramiento jurídico a inmigrantes. Atribuir una deuda a alguien y hacerle trabajar para saldarla es un indicio de tráfico de personas y constituye una práctica contraria a la ley.

## Matrimonio

En Islandia, las personas tienen derecho a elegir con quién casarse, con independencia de su género u orientación sexual. Nadie puede ser obligado a contraer matrimonio y las personas pueden vivir juntas sin estar casadas. Con el matrimonio se establecen diversos derechos, como la tributación conjunta y los derechos de herencia. En Islandia solo es lícito mantener un matrimonio en vigor en cada momento; la bigamia está prohibida. La información sobre el matrimonio está disponible en el sitio web del Registro Nacional (www.thjodskra.is). Ambos cónyuges toman decisiones sobre asuntos familiares y ninguno tiene control sobre el otro. Ambos tienen el deber de apoyarse mutuamente en los aspectos financieros y asumen responsabilidad conjunta por el mantenimiento del hogar conyugal. Según su respectiva capacidad y circunstancias individuales, ambos cónyuges deben contribuir en el hogar y satisfacer las necesidades de su cónyuge e hijos. La contribución en el hogar no debe necesariamente ser monetaria, ya que el trabajo dentro del hogar u otro tipo de apoyo a la familia también constituyen contribuciones.

## Divorcio

El divorcio se solicita ante el comisionado de distrito de la propia zona y puede obtenerse de común acuerdo, o bien en desacuerdo. Por lo general, se dicta primero un permiso de separación y se otorga el divorcio un año después. Es posible obtener el divorcio tras seis meses de separación si ambas partes lo solicitan de común acuerdo en ese momento. Es posible solicitar un divorcio inmediato si el cónyuge ha tenido una aventura extramatrimonial o si ha ejercido violencia contra su cónyuge o los niños que viven en el hogar.

### *Certificado de conciliación*

Cuando una pareja tiene la custodia de niños menores de 18 años debe seguir el trámite de conciliación a través de un sacerdote o de un representante de una asociación religiosa debidamente constituida a la que la pareja pertenezca en Islandia. Cuando cada uno pertenezca a asociaciones religiosas diferentes o a ninguna asociación religiosa en absoluto, la conciliación

eldri en sex mánaða þegar sótt er um skilnað. Eigi hjón engin börn eða eingöngu börn sem eru orðin eldri en 18 ára þurfa þau ekki sáttavottorð. Í sáttavottorði kemur fram að prestur, forstöðumaður trúfélags, sýslumaður eða dómari hafi reynt að sætta hjón en ekki tekist.

### *Skilnaðarleyfi útgefið af sýslumanni*

Til að sýslumaður geti gefið út leyfi til skilnaðar að borði og sæng þurfa hjón að gera skriflegt samkomulag um skiptingu eigna og skulda. Samkvæmt lögum skiptast eignir jafnt milli hjóna við skilnað, nema séreignir (t.d. vegna kaupmála), en hvort um sig ber ábyrgð á sínum skuldum, s.s. námslánum. Það þýðir að hver einstaklingur tekur þær skuldir sem hann er ábyrgur fyrir og helming sameiginlegra skulda, t.d. vegna sameiginlegs greiðslukorts.

Hafi hjón ekki komist að samkomulagi um forsjá þarf að leggja fram staðfestingu á því að annað þeirra hafi höfðað forsjármál fyrir dómi til að sýslumaður geti gefið út leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Nánari upplýsingar er að finna á: syslumenn.is.

### *Skilnaður fyrir dómi*

Mæti annað hjóna ekki til sýslumanns eða neiti að skilja þarf að ganga frá málinu fyrir dómstólum. Æskilegt er að ráðinn sé lögmaður til að flytja málið fyrir dómi (fólk má flytja málið sjálft). Eignaskiptasamningur eða úrskurður héraðsdóms um opinber skipti á búinu þarf þá að liggja fyrir en skiptastjóri sér um skiptingu eigna og skulda og tekur ákvarðanir um aðrar ráðstafanir sem falla undir hans valdssvið. Opinber skipti eru þegar dómari ákveður að skiptaráðandi skipti búi, t.d. við skilnað, eða dánarbúi. Til að ganga megi frá skilnaði fyrir dómi, þarf búið að hafa verið tekið til opinberra skipta. Ef ekki er samkomulag um forsjá barna má reka skilnaðarmálið og forsjármálið sameiginlega.





se sustanciará ante el comisionado de distrito o ante el juez, dependiendo del lugar en dónde tramita el divorcio. Los certificados de conciliación no pueden exceder de 6 meses tras la presentación de la demanda de divorcio. Si una pareja no tiene hijos, o si son mayores de 18 años, no es necesario un certificado de conciliación. En el certificado, un sacerdote o un representante de una asociación religiosa certifica que los intentos de conciliación han sido infructuosos.

### *Permiso de separación expedido por el comisionado de distrito.*

Para que el comisionado de distrito dicte un permiso de separación, la pareja debe firmar un acuerdo escrito en el que disponga sobre la atribución de deudas y activos. De acuerdo con la legislación islandesa, los activos se dividen en partes iguales entre los cónyuges tras el divorcio, a excepción de los activos propios (con origen, por ejemplo, en capitulaciones matrimoniales o acuerdo prenupcial), pero cada persona es responsable de sus deudas personales, como sería un préstamo estudiantil. Ello significa que únicamente se asume la totalidad de las deudas personales y la mitad de cualquier deuda conjunta, por ejemplo, la mitad de la deuda de una tarjeta de crédito conjunta.

Cuando las partes no estén de acuerdo sobre la atribución de la custodia, deberán presentar una confirmación de que cualquiera de ellas ha demandado la custodia ante un tribunal para que el comisionado de distrito pueda dictar un permiso de separación. Para obtener más información se recomienda visitar el siguiente sitio web: www.syslumenn.is

### *Sentencia de divorcio dictada por un juez*

Cuando alguno de los cónyuges no se presente a las citas con el comisionado de distrito o se niegue a divorciarse, el caso deberá sustanciarse ante el juez. Se aconseja contratar a un abogado (aunque también es posible representarse a sí mismo). Se debe presentar un contrato sobre la división del patrimonio o una sentencia judicial del tribunal de distrito sobre división pública del patrimonio. Se designará un liquidador para que supervise la atribución de activos y deudas y tome otras decisiones que estén dentro del ámbito de su competencia. La división pública del patrimonio tiene lugar tras la resolución judicial que ordena el nombramiento de un liquidador para dividir el patrimonio, por ejemplo, en caso de divorcio o de división del caudal hereditario por fallecimiento. Para que el juez resuelva sobre el divorcio es necesario demostrar que se ha solicitado la división pública del patrimonio. Si no hay acuerdo sobre la custodia de los hijos, se sustanciarán conjuntamente el divorcio y la solicitud de custodia.

Það er refsivert samkvæmt íslenskum lögum að neyða einhvern, af hvaða kyni sem er, til að ganga í hjónaband. Einstaklingar hafa verið neyddir til að ganga í hjónaband eða eru að reyna að losna úr nauðungarhjónabandi, geta fengið ráðgjöf og aðstoð hjá Bjarkarhlíð, félagsþjónustu sveitarfélags, lögreglunni, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Kvennaathvarfinu, Kvennaráðgjöfinni og Fjölmenningarsetri. Sama gildir um einstaklinga sem hafa verið er beittir ofbeldi af maka sínum, sambýlisaðila, kærasta/u eða öðrum nákomnum. Sjá kaflann um ofbeldi.

## Sambúð

Fólk getur skráð sig í sambúð og notið ýmissa réttinda sem því fylgja s.s. samsköttunar. Þegar fólk er í sambúð á það hvort um sig þær eignir og skuldir sem það er skráð fyrir og sameiginlegar eignir skiptast milli þeirra við sambúðarslit. Fólk í sambúð erfir ekki hvort annað nema að gerð hafi verið erfðaskrá þar um.

## Sambúðarslit

Barnlaust fólk sem slítur sambúð þarf einungis að tilkynna um breytt lögheimili til Þjóðskrár Íslands. Hjá barnafólki er meginreglan sú að forsjá með börnum sé sameiginleg og þarf að tilkynna það til sýslumanns. Ef ekki er samkomulag um forsjá þurfa foreldrar að fara í sáttaferli og leita til dómstóla. Nánari upplýsingar eru að finna í kaflanum um forsjá.

Sé annar aðilinn skráður eigandi allra eða meirihluta eigna getur hinn gert kröfu um hlutdeild í eignamyndun á sambúðartímanum. Þá er metið hversu mikið hvor aðili um sig hefur lagt til við myndun þeirra eigna sem eru til staðar við sambúðarlok. Hafi framlagið verið sambærilegt þá er líklegt að dómari úrskurði að eignir skiptist jafnt milli aðila.

## Þungun

Gangir þú með barn ber þér að fara í mæðraeftirlit á heilsugæslustöð eða heilbrigðisstofnun, en fyrsta viðtal fer venjulega í kringum 10. til 12. viku meðgöngu. Ef einhverjar spurningar vakna eða ef þörf er á ráðgjöf varðandi meðgönguna er hægt að fá viðtal hjá heimilis-





Es hecho constitutivo de delito en Islandia obligar a una persona a casarse con independencia de su género. Las personas que han sido obligadas a casarse o que están tratando de liberarse de un matrimonio forzado pueden recibir orientación y asistencia en Bjarkarhlíð, los servicios sociales de su municipio, la policía, el Centro de Derechos Humanos de Islandia, el Albergue para Mujeres, la Asesoría para Mujeres y el Centro Multicultural y de Información. Lo mismo se aplica a las personas que han sido objeto de violencia por parte de su cónyuge/pareja con la que convive/novio/novia u otras personas cercanas a ellos. Se puede obtener más información en la sección sobre violencia.

## Convivencia

Las parejas de hecho pueden registrar su convivencia para obtener diversos derechos, como la tributación conjunta. Cuando las personas conviven, cada una es titular de sus activos y responsable de sus propias deudas. Los activos conjuntos se dividen entre ellas cuando finaliza la convivencia. Cuando fallece una de las personas que conviven, la que sobrevive no goza de derechos hereditarios a menos que la persona fallecida haya testado en su favor.

## Fin de la convivencia

Una pareja sin hijos que finaliza la convivencia solo necesita registrar una nueva residencia legal en el Registro Nacional. Para las parejas con hijos, la custodia compartida es la norma fundamental al finalizar la convivencia, y el comisionado de distrito debe ser notificado sobre el acuerdo de custodia. En caso de desacuerdo sobre la custodia, los progenitores deberán someterse a un proceso de conciliación y, si este no tienen éxito, el caso deberá ser sustanciado ante el juez. Se recomienda consultar la sección sobre custodia, a continuación.

Si una de las partes está registrada como propietaria de todos o de la mayoría de los activos, la otra parte puede reclamar una parte de los activos obtenidos durante el período de convivencia. Esto significa que, al finalizar la convivencia, se realiza una evaluación de la contribución de cada parte al patrimonio durante el período de convivencia. Si se ha contribuido en partes iguales, es probable que un juez dictamine que los activos se dividirán por igual entre las partes.

## Embarazo

Si usted está embarazada acuda a realizarse un examen prenatal en la clínica de atención médica o institución médica más cercana. El primer examen deberá realizarse, por lo general, alrededor de las 10-12 semanas de emba-

lækni eða ljósmóður í mæðravernd fyrr. Gott er að bóka tíma þegar ljóst er að viðkomandi er barnshafandi. Mæðraeftirlit er þér að kostnaðarlausu, sex mánuðum eftir skráningu í Þjóðskrá Íslands. Mörgum finnst gott að hafa einhvern með sér í mæðraeftirlit, s.s. hitt foreldrið.

Verðir þú barnshafandi en viljir ekki eignast barn hefur þú aðgang að þungunarrofi fyrir lok 22. viku meðgöngu. Viljir þú þungunarrof þarft þú að ræða það við lækni og félagsráðgjafa, fylla út umsókn og fara í læknisskoðun. Hægt er að velja milli þess að fara í aðgerð eða nota lyf til að koma af stað ferli sem líkist náttúrulegu fósturláti. Þungurrof kostar ekkert ef þú ert skráð/ur í íslenska heilbrigðiskerfið (það gerist 6 mánuðum eftir að einstaklingur hefur skráður lögheimili í Þjóðskrá Íslands en strax ef hann er EES-borgari og hefur lagt fram gilt vottorð frá heimalandi, t.d. E-104). Til að panta tíma eða fá frekari upplýsingar er best að hringja í kvennadeild Landspítalans í síma 543 3600 eða hafa samband við heilsugæslu.

> Öll ráðum við sjálf yfir líkama okkar. Það er ákvörðun hvers og eins hvort engin sé með barn eða þungunin rofin. Í apótekum er hægt að kaupa pillu sem hægt er að taka eftir samfarir til að koma í veg fyrir þungun. Hægt er að fá upplýsingar um getnaðarvarnir hjá heimilislækni eða á heilsugæslustöð.

Þekkt er að ofbeldi í samböndum geti hafist eða aukist á meðgöngu. Verðir þú fyrir ofbeldi á meðgöngu er mikilvægt að leita aðstoðar í Kvennaathvarfinu, í Bjarkarhlíð eða hjá lækni, hjúkrunarfræðingi eða ljósmóður í mæðraeftirliti.

## Heimilisofbeldi

Heimilisofbeldi er ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir af hálfu einhvers sem er honum nákominn, skyldur eða tengdur, eins og maki, fyrrverandi maki, barn, foreldri, barnsfaðir, barnsmóðir, systkini eða forsjáraðili. Heimilisofbeldi getur verið líkamlegt, andlegt ofbeldi, fjárhagslegt, kynferðislegt eða stafrænt auk ýmiss konar hegðunar sem felur í sér ógnun, hótun, stjórnun og/eða þvinganir. Þolandi og gerandi þurfa hvorki að búa saman né vera gift til að ofbeldið flokkist sem heimilisofbeldi. Heimilisofbeldi þarf heldur ekki að vera bundið við heimili geranda eða brotaþola.





razo. Si tiene alguna pregunta o necesita asesoramiento sobre el embarazo, puede solicitar una cita previa con un médico o una matrona en atención prenatal. Es recomendable llamar y concertar una cita tras tomar conocimiento del embarazo. La atención prenatal es gratuita durante los seis meses posteriores al registro de la residencia legal en el Registro Nacional. A muchas personas les agrada ir acompañadas a las citas de atención prenatal, por ejemplo, por el otro progenitor.

Si usted ha quedado embarazada y no desea tener un hijo, puede solicitar un aborto antes de finalizar la vigesima segunda semana de embarazo. Si decide interrumpir el embarazo, debe consultar a un médico y a un trabajador social, cumplimentar una solicitud y someterse a un examen médico. Puede elegir entre un procedimiento quirúrgico o un aborto inducido por un médico, similar al aborto por causas naturales. El aborto es gratuito si está registrada en el sistema de atención médica de Islandia (es decir, después de residir legalmente en Islandia durante 6 meses o si es ciudadana del EEE y ha presentado un certificado válido de su país de origen, por ejemplo, el E-104). Para concertar una cita o para obtener más información, se aconseja llamar al Departamento de Obstetricia y Ginecología de Landspítali, al teléfono 543 3600, o contactar con la clínica de atención médica más cercana.

> Todas las personas tienen derecho sobre su propio cuerpo y a decidir por sí mismas si desean o no tener un hijo o interrumpir un embarazo. En las farmacias se encuentra disponible la píldora para tomar después del coito para prevenir el embarazo. Se puede obtener información sobre la anticoncepción con un médico de familia o en una clínica de atención médica.

Se sabe que la violencia en las relaciones íntimas puede comenzar o escalar durante el embarazo. Si usted es víctima de violencia durante el embarazo, es importante que solicite ayuda en el Albergue para Mujeres, en Bjarkarhlíð o a un médico, una enfermera o a una matrona de cuidados prenatales.

## Violencia doméstica

La violencia doméstica es la violencia a la que está sometida una persona por parte de otra con quien tiene una relación íntima o similar, como un cónyuge, excónyuge, hijo, progenitor, padre o madre de su/s hijo/s, hermanos o tutores. La violencia doméstica puede ser física, psicológica, financiera, sexual o cibernética/digital, así como asumir diversas formas de intimidación, amenazas y conductas de control y/o coacción. El autor y la víctima no tienen que estar viviendo juntos para que el comportamiento se defina como violencia doméstica. La violencia doméstica tampoco se limita al hogar del agresor o de la víctima.

Oft eiga einstaklingar sem búa við heimilisofbeldi erfitt með að gera sér grein fyrir því. Hér er listi sem getur hjálpað þér að átta þig á hvort þú býrð við heimilisofbeldi eða ekki.

**Á eitthvað af eftirtöldu við um maka þinn?**

- Óttastu hann undir einhverjum kringumstæðum?
- Er hann uppstökkur, skapbráður og/eða fær bræðiköst?
- Verður hann auðveldlega reiður undir áhrifum áfengis?
- Reynir hann að koma í veg fyrir að þú farir þangað sem þú vilt fara eða að þú stundir vinnu, skóla eða áhugamál?
- Fylgist hann með þér hvar og hvenær sem er?
- Ásakar hann þig sífellt um framhjáhald?
- Gagnrýnir hann þig, vini þína og/eða fjölskyldu?
- Ásakar hann þig stöðugt og/eða gefur í skyn að ekkert sem þú gerir sé rétt eða nógu vel gert?
- Segir hann að "eitthvað sé að þér", t.d. að þú sért geðveik/ur/t?
- Gerir hann lítið úr þér fyrir framan aðra?
- Hefur hann yfirráð yfir fjármálum ykkar og krefst skýringa á hverri krónu?
- Eyðileggur hann persónulegar eigur þínar af ásettu ráði?
- Hrópar hann á þig eða öskrar á þig eða börnin?
- Ógnar hann þér með svipbrigðum, hreyfingum eða bendingum?
- Hótar hann að skaða þig, börnin eða aðra þér nákomna?
- Þvingar hann þig til kynlífs?
- Hefur hann ýtt við þér, hrint þér, slegið til þín eða slegið/barið þig eða börnin?

Börn sem búa við ofbeldi glíma flest við margþættan vanda. Þótt börn verði ekki sjálf fyrir ofbeldi, eða séu beint vitni að því, getur það haft alvarlegar afleiðingar fyrir þau. Ofbeldi á heimilinu eykur líkurnar á félagslegum vandamálum, námsvanda, hegðunarvanda, kvíða og vanda við að mynda tengsl hjá börnum sem þar búa. Margir foreldrar eða forráðamenn halda að þeir geti leynt ofbeldinu fyrir börnunum en það er sjaldnast raunin. Börn verða oft óbeint vitni að ofbeldi, t.d. þegar þau heyra hvað gerist í næsta herbergi, taka eftir ummerkjum ofbeldisins á heimilinu eða skynja spennu og vanlíðan foreldra sinna.





Las personas que son víctimas de violencia doméstica a menudo tienen dificultades para darse cuenta de su situación. A continuación, presentamos una lista que puede ayudar a tomar consciencia sobre si se está en una situación de violencia doméstica.

**¿Alguna de las siguientes situaciones se aplica a su cónyuge?**

- ¿Le teme en alguna circunstancia?
- ¿Es acalorado/a, tiene mal genio y/o ataques de ira?
- ¿Es voluble bajo la influencia del alcohol?
- ¿Trata de evitar que usted vayas donde quiera ir, sea a trabajar, a la escuela o a realizar un hobby?
- ¿Vigila sus idas y venidas?
- ¿Lo/la acusa constantemente de serle infiel?
- ¿Lo/la critica a usted, a sus amigos y/o a su familia?
- ¿Lo/la acusa constantemente de que no hace nada bien o lo suficientemente bien?
- ¿Le dice que "no está bien" e incluso que está "loco/a"?
- ¿Lo/la menosprecia frente a los demás?
- ¿Controla sus finanzas y exige una explicación por el movimiento de cada corona?
- ¿Destruye sus pertenencias personales a propósito?
- ¿Le grita a usted o a los niños?
- ¿Lo/la amenaza con expresiones faciales, movimientos o gestos?
- ¿Amenaza con hacerle daño a usted, a los niños o a otras personas cercanas a usted?
- ¿Le obliga a tener relaciones sexuales?
- ¿Lo/la ha empujado, abofeteado o golpeado a usted o a los niños?

La mayoría de los niños que sufren violencia tienen varios problemas. Aun cuando no sean ellos mismos víctimas o testigos de la violencia, esta puede tener grave efecto sobre ellos. Los niños que viven en una situación de violencia doméstica tienen mayor riesgo de padecer problemas sociales, de estudio, de comportamiento, de apego y ansiedad. Muchos progenitores y tutores creen que pueden ocultar el abuso a los niños, pero rara vez es así. Los niños a menudo experimentan la violencia indirectamente, por ejemplo, cuando escuchan lo que está pasando en la habitación de al lado, ven los signos de violencia en el hogar o perciben la tensión y el malestar entre sus progenitores.

Ef þú býrð við ofbeldi getur þú leitað til 112, Kvennaathvarfsins, félagsþjónustu, Bjarkarhlíðar eða Aflsins. Það er mikilvægt að kalla til lögreglu og fara á slysadeild eða til læknis til að fá áverkavottorð ef það á við. Öll slík tilvik eru skráð og það getur meðal annars skipt máli varðandi framlengingu dvalarleyfis eftir skilnað að hægt sé að sýna fram á að viðkomandi hafi búið við ofbeldi. Nánari upplýsingar er að finna í kaflanum um dvalarleyfi.

Kvennaathvarfið er opið allan sólarhringinn og þar geta konur búið tímabundið einar eða með börnum sínum eða komið þangað í viðtöl. Konur geta leitað til athvarfsins hvort sem þær hafa orðið fyrir líkamlegu eða andlegu ofbeldi og eins ef þeim hefur verið hótað ofbeldi. Í Kvennaathvarfinu er boðið upp á aðstoð við næstu skref, t.d. að leita til lögreglu, læknis og félagsþjónustu. Dvöl er ókeypis og í athvarfinu fá konur og börn mat og aðrar nauðsynjar. Fengin er aðstoð túlks þegar þess þarf.

Nauðgun og annað kynferðisofbeldi í hjónabandi, sambúð eða ástarsambandi er refsivert. Maki þinn á ekki rétt á kynmökum, kynmök þurfa alltaf að vera með samþykki.

## Kynferðisofbeldi

Kynferðisofbeldi er þegar einstaklingur er fenginn til kynferðislegra athafna gegn vilja sínum eða án samþykkis eða þegar kynferðislegum athugasemdum eða /athöfnum er beint að einstaklingi í óþökk hans. Kynferðisofbeldi er ekki eingöngu líkamleg valdbeiting heldur einnig óumbeðin og óviðeigandi kynferðisleg hegðun með eða án snertingar. Stafrænt ofbeldi getur einnig verið dæmi um kynferðisofbeldi.

**Neyðarmóttaka fyrir þolendur kynferðisofbeldis**
Á Íslandi eru starfræktar tvær neyðarmóttökur fyrir fólk sem hefur verið beitt kynferðisofbeldi eða gerð tilraun til þess. Önnur á bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahúss í Fossvogi og hin á slysadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Hægt er að hringja á undan sér og tilkynna komu sína.





Si se encuentra en una relación abusiva, puede ponerse en contacto con el 112, con el Albergue para Mujeres, los servicios sociales, Bjarkarhlíð o Aflið. Es importante llamar a la policía y acudir a la sala de urgencias o al médico para obtener un certificado médico de las lesiones sufridas, si corresponde. Esto puede ser importante para la prórroga de un permiso de residencia después de un divorcio, ya que todos los casos quedan registrados. Por favor, consulte la sección de permisos de residencia.

El Albergue para Mujeres está abierto las 24 horas del día y las mujeres pueden quedarse allí temporalmente, ya sea solas o con sus hijos o concurrir para una entrevista. Las mujeres pueden buscar asistencia en el albergue, con independencia de si han sufrido abuso psíquico o psicológico o si han sido amenazadas con violencia. El Albergue para Mujeres brinda asistencia para afrontar los siguientes pasos, como ponerse en contacto con la policía, un médico y los servicios sociales. La permanencia es gratuita y las mujeres y los niños que se alojan allí reciben alimentos y se cubren otras necesidades. En caso de ser necesario, se proporciona la asistencia de un intérprete.

La violación y el abuso sexual dentro del matrimonio, la convivencia o una relación íntima son hechos constitutivos de delito. Tu cónyuge no tiene derecho a tener relaciones sexuales contigo, sino que depende de tu consentimiento.

## Agresión sexual

La agresión sexual se produce cuando se obliga a una persona a realizar actos sexuales contra su voluntad o si se efectúan comentarios o se asumen comportamientos indeseados de naturaleza sexual con respecto a otra persona. La agresión sexual no consiste solo el uso de la fuerza física sino también en el comportamiento sexual indeseado, con o sin contacto. La violencia cibernética/digital también puede ser una forma de agresión sexual.

**Salas de urgencias para casos de violación**
En Islandia funcionan dos salas de urgencias para casos de violación para atender a personas que hayan sufrido agresiones sexuales o una tentativa de agresión sexual. Una se encuentra ubicada en Reikiavik, en la sala de urgencias Landspítali Háskólasjúkrahús (Hospital Nacional) en Fossvogur y la otra está en la sala de urgencias de Fjórðungssjúkrahús en Akureyri. Se recomienda llamar con anticipación para el servicio en las salas de urgencia.

*Nauðgun*

Nauðgun er þegar einhver hefur samræði eða önnur kynferðismök við manneskju án samþykkis hennar. Nauðgun felst í því að einstaklingur neyðir annan einstakling til kynferðismaka, hvort sem um er að ræða samfarir eða aðrar athafnir sem tíðkast í kynlífi eða gætu kallast kynferðislegar.

*Kynferðisleg áreitni*

Kynferðisleg áreitni er þegar einstaklingur beinir kynferðislegum athöfnum, orðum eða myndum að manneskju gegn vilja hennar. Upplifi viðkomandi að um kynferðisofbeldi sé að ræða, er það raunin, því þá hefur verið farið yfir persónuleg mörk viðkomandi.

*Stafrænt ofbeldi*

Stafrænt ofbeldi felur meðal annars í sér áreitni, fjárkúgun, hótanir, auðkennisþjófnað og dreifingu á persónulegum gögnum, ljósmyndum og myndböndum á netinu án samþykkis viðkomandi.

*Vændi*

Í íslenskum lögum er vændi skilgreint sem kynferðisofbeldi og er með öllu ólöglegt að kaupa vændi, hafa milligöngu um það og auglýsa það. Það er ekki ólöglegt að vera í vændi og því þarf fólk í vændi ekki að óttast refsingu. Fólk sem er í vændi og/eða hefur hug á að komast út úr því getur fengið aðstoð hjá Bjarkarhlíð eða Stígamótum.

*Mansal*

Í mansali felst að einstaklingur er fluttur, afhentur, hýstur eða tekinn með ólögmætri nauðung, frelsissviptingu, hótunum eða blekkingum til hagnýtingar í formi kynferðislegrar misnotkunar, nauðungarvinnu eða brottnáms líffæra.

Hafi bágar aðstæður einstaklings leitt til þess að hann sé í vændi, vinni í klámiðnaði eða öðrum kynlífsiðnaði og annar aðili hagnýti sér viðkomandi þá er um mansal að ræða.





*Violación*

La violación tiene lugar cuando una persona mantiene relaciones sexuales o realiza actos sexuales de otra naturaleza con otra persona sin haber otorgado su consentimiento previo. Violación significa que un individuo es obligado a realizar actos sexuales, con independencia de que exista o no penetración sexual u otros actos de naturaleza sexual.

*Acoso sexual*

El acoso sexual tiene lugar cuando un individuo dirige actos, diálogos o imágenes sexuales a otra persona en contra de su voluntad. Se considera agresión sexual si esta persona percibe ese comportamiento como tal ya que se han cruzado sus límites personales.

*Violencia cibernética/digital*

La violencia cibernética/digital implica acoso, chantaje, robo de identidad y distribución de datos personales, fotos y grabaciones en Internet sin el consentimiento de la persona que la padece.

*Prostitución*

La legislación islandesa define la prostitución como una agresión sexual y la contratación, facilitación y publicidad de servicios sexuales es hecho constitutivo de delito. Sin embargo, la prostitución en sí misma no es punible por ley y, por lo tanto, las personas que ejercen la prostitución no deben temer castigo alguno. Las personas atrapadas en el ejercicio de la prostitución o que están intentando salir de ella pueden solicitar ayuda en Bjarkarhlíð o en Stígamót.

*Tráfico de personas*

El tráfico de personas es el reclutamiento, transporte, traslado, refugio o recepción de personas, mediante amenazas o uso de la fuerza u otras formas de coacción, secuestro, fraude, engaño, abuso de poder o de una posición de vulnerabilidad o de dar o recibir pagos o beneficios para lograr el consentimiento de una persona que tiene control sobre otra con el propósito de explotarla. La explotación incluirá, como mínimo, la explotación mediante la prostitución u otras formas de explotación sexual, trabajos o servicios forzados, esclavitud o prácticas similares a la esclavitud, la servidumbre o la extracción de órganos.

Se considera tráfico de personas cuando la situación de vulnerabilidad de una persona la ha llevado a prostituirse, a trabajar en la industria de la pornografía u otra industria del sexo y otro sujeto está explotando dicha situación.

Að taka af þér vegabréf eða önnur skilríki til þess að hefta ferðafrelsi þitt eða til að koma í veg fyrir að þú getir gert grein fyrir þér er ólöglegt á Íslandi og refsivert.

## Hótanir

Ofbeldisfólk beitir oft hótunum til að kúga. Algengar hótanir sem upp koma á Íslandi gagnvart innflytjendum eru til dæmis þegar íslenskur maki segist geta látið vísa erlendum maka úr landi, ýmist með því að gefa lögreglu eða Útlendingastofnun rangar upplýsingar eða af því að hann eigi vini á þessum stöðum. Önnur algeng hótun snýst um að íslenskt foreldri muni fá forsjá barns eða barna, ýmist vegna þess að hitt foreldrið sé af erlendum uppruna eða vegna þess að yfirvöldum verði tilkynnt að viðkomandi sé óhæfur uppalandi.

Hótanir af þessu tagi eru oft innihaldslausar og settar fram til þess eins að vekja ótta og óöryggi. Rétt er að benda á að í þeim málum sem snúa að réttindum til dvalar á Íslandi, forsjá barna eða einhverju öðru sem opinberum aðilum ber að ákvarða fara opinberir aðilar að lögum, skoða aðstæður og atvik hvers máls fyrir sig og byggja ákvörðun sína á þeim. Niðurstaðan fer því aldrei eftir vilja eða orðum eins einstaklings.

Sumar hótanir eru innihaldslausar og notaðar sem stjórntæki á meðan aðrar eru refsiverðar. Ef þú ert í vafa getur þú leitað til Mannréttindaskrifstofu Íslands, Bjarkarhlíðar, lögreglu eða félagsþjónustu þíns sveitarfélags.

## Kæra til lögreglu

Ef brotaþoli ætlar að kæra ofbeldi til lögreglu er best að hafa áverkavottorð en það er hægt að fá hjá lækni. Ef um kynferðisbrot er að ræða er mælt með því að brotaþoli leiti til neyðarmóttöku þar sem tekin er skýrsla af honum. Slík gögn geta styrkt rannsókn lögreglu og stytt ferlið í réttarvörslukerfinu.

Kærur vegna ofbeldis eru lagar fram hjá lögreglu í því lögregluumdæmi þar sem ofbeldið átti sér stað. Lögreglu ber að hefja rannsókn á öllum kærum og hefst rannsóknin yfirleitt með því að lögregla tekur





Es un hecho constitutivo de delito en Islandia que una persona confisque el pasaporte de otra persona, u otra identificación con el objeto de restringir su libertad de movimiento o para impedir la comprobación de su identidad.

## Amenazas

Los autores de abusos a menudo utilizan amenazas como medio de control y opresión. Un ejemplo de una amenaza comúnmente utilizada por una persona que abusa de su cónyuge extranjero es decir que puede deportarlo con una sola llamada telefónica, ya sea dando información falsa a la policía o a la Dirección de Inmigración, o porque tiene amigos dentro de estas instituciones. Otra amenaza común es una reclamación de que el abusador obtendrá la custodia de su hijo o hijos porque él/ella/ellos son de origen extranjero o que informará a las autoridades de que es un progenitor no apto.

